

Nr. 18-129 S 084 Mardís ÍS 400**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 1777
Smíðaður: Hafnarfirði 1987, plast
Stærð: 4,6 brl. 4,8 bt.
Mesta lengd: 7,8 m *Skráð lengd:* 7,59 m
Breidd: 2,69 m *Dýpt:* 1,17 m
Vél: Yanmar 50,7 kW, 2002
Fjöldi skipverja: 1



Mardís©Hafþór Hreiðarsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 7. desember 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 17. júlí 2018 var Mardís ÍS 400 á handfæraveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: SV 5 m/s.

Á veiðunum kom skipstjórinn vélinni ekki í gang og óskaði eftir aðstoð. Sigfús B ÍS 401 dró Mardísi til hafnar á Suðureyri.

Við rannsókn kom fram:

- að sjór hafði runnið í gegnum púströrið inn á vélina þegar hún var stopp;
- að öllu jöfnu stöðvaði skipstjórinn ekki vélina á skakinu en að þessu sinni gerði hann það til að geta talað í síma;
- að úttakið fyrir púströrið var staðsett það neðarlega að þegar um eitt tonn af afla var kominn um borð lenti það undir sjólinu;
- að svanaháls á púströrinu sem náði upp undir þilfar dugði ekki til að stoppa rennslið inn á vélina;
- að fram kom hjá eiganda að lagfæringar og breytingar á púströrinu væru fyrirhugaðar.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var rangur frágangur á úttaki fyrir púströrið.